



Dags.	18. maí 2017
Fundartími:	kl. 19:00
Fundarstaður:	Austurhóp 4, Grindavík
Fundarstjóri:	Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir
Fundarritari:	Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir
Fjöldi mætttra:	7: Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir, Guðbjörg Hermanns, Guðný Ólafs, Helga Karls, Sunna Ingvars, Kristín Holm, Íris Ebba Ajayi

1. TICA

Sýningarstjóri kynnir fyrir stjórn sýningarform TICA. Sýnarformið er gjörólíkt FIFé og eru fleiri tegundir leyfðar. TICA hefur haldið sýningar samhliða FIFé meðal annars í Englandi. Dýrin geta safnað World Rankin stig og því hægt að bera saman við ketti annarsstaðar í Evrópu. Stjórn er sammála um að kynna þurfi þetta fyrir félagsmönnum og athuga hvernig félagsmenn taka í þetta.

2. Aðalfundur Kynjakatta 2017

Gjaldkeri býður sig fram til að vera funarstjóri á aðalfundi.

Sýningarstjóri býður sig fram til að fara yfir reglugerðarbreytingar.

Formaður leggur til að engin sérstök nefnd verði fyrir skemmtinefnd heldur að biðja félagsmenn að vera aktívari við að koma með hugmyndir og einhver getur tekið yfir að skipuleggja atburð fyrir félagsmenn. Hugmyndin verður kynnt á aðalfundi.

Ársreikningur hefur ekki skilað sér frá bókara svo ekki er hægt að fara yfir hann á fundinum.

3. HCM í köttum

Stjórn hefur borist tilmæli frá félagsmönnum um að dýralæknar sé ekki að fara með rétt mál þegar talað er um HCM. Dýralæknar mega ekki fullyrða að MCO sé líklegri til að fá HCM, það eru engar rannsóknir sem benda til þess. Sýningarstjóri býður sig fram til að hafa samband við yfirdýralækni og benda á þessi mál.

Fundi slitið kl. 21:15